

Álit
um frv. til fjárlaga fyrir árið 2010 (12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti)

Frá viðskiptanefnd

Viðskiptanefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 19. október 2009. Nefndin hefur fengið á sinn fund Gunnar Andersen, Kristbjörn Bjarnason og Þorstein Marinósson frá Fjármálaeftirlitinu, Helgu Óskarsdóttur og Jónínu S. Lárusdóttur frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti og Pál Gunnar Pálsson frá Samkeppniseftirlitinu.

Heildargjöld efnahags- og viðskiptaráðuneytis árið 2010 eru áætluð um 3.066,7 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 100,4 m.kr. sem nema 3,3% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 2.966,3 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 1.224,3 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.742 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Síðastliðið vor var ráðuneytum gert að undirbúa valkosti og tillögur um lækkun útgjalda sem næmi um 10% af heildarveltu. Fjárheimildir stofnana ráðuneytisins voru því lækkaðar sem því nemur. Rétt er að vekja athygli á því að útgjöld efnahags- og viðskiptaráðuneytisins hækka um samtals 499,5 m.kr. á árinu 2010 frá því sem annars hefði orðið vegna verkefna sem hafa verið flutt til ráðuneytisins svo og vegna verkefna sem eru flutt til annarra ráðuneyta.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgjöld efnahags- og viðskiptaráðuneytisins dragist saman um 166 m.kr. á verðlagi fjárlaga 2009 og má skipta breytingum á útgjöldum í þrjá þætti. Gerðar verða ráðstafanir til að lækka útgjöld ráðuneytisins um 148,3 m.kr. í samræmi við áætlun ríkisstjórnarinnar um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009-2013. Þá dragast aðrar útgjaldaskuldbindingar saman um samtals 11,7 m.kr. á árinu 2010. Loks falla niður tímabundin framlög að fjárhæð 6 m.kr.

Við umfjöllun um málið í nefndinni var sjónum einkum beint að Samkeppniseftirlitinu. Fram kom að ráðuneytið hefði lagt til að stofnunin yrði eflað með 90 m.kr. viðbótarfjárveitingu. Þessi tillaga náði ekki fram að ganga og var Samkeppniseftirlitinu gert að hagræða um 30,8 m.kr. og hefur stofnunin ráðist í launalækkanir ásamt því að forgangsraða verkefnum. Nú þegar mikil endurskipulagning á sér stað í viðskiptalífinu verður hlutverk Samkeppniseftirlitsins æ brýnna og mikilvægt að sem fyrr haldi það vöku sinni. Nefndin leggur til að Samkeppniseftirlitið fái heimild til að afla tekna með því að innheimta gjald fyrir eftirlit með samruna fyrirtækja og með töku kærugjalda vegna kæru til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Nefndin telur mikilvægt að báðar þessar leiðir verði farnar til tekjuöflunar, þannig að starfsemi Samkeppniseftirlitsins skerðist ekki.

Athygli nefndarinnar var vakin á því að rekstaráætlun Fjármálaeftirlitsins sem lögð var fyrir samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila í sumar er vanáætluð og mun Alþingi þurfa að taka á því vandamáli.

Alþingi, 12. nóvember 2009

Lilja Mósesdóttir
Magnús Orri Schram
Guðlaugur Þór Þórðarson

Árni Þór Sigurðsson
Steinunn Valdís Óskarsdóttir
Eygló Harðardóttir
Ragnheiður E. Árnadóttir
Jónína Rós Guðmundsdóttir
Margrét Tryggvadóttir

Árni Þór Sigurðsson
Steinunn Valdís Óskarsdóttir
Eygló Harðardóttir
Ragnheiður E. Árnadóttir
Jónína Rós Guðmundsdóttir
Margrét Tryggvadóttir

